

A 1782/præsidiet

Flytjandi Norrænt frelsi
Afgreiðsla Forsætisnefndin

Þingmannatillaga um norrænan neyðarviðbúnað**Tillaga**

Norrænt frelsi leggur til að

Norðurlandaráð beini þeim tilmælum til ríkisstjórna Norðurlanda

að þær hefji viðræður um að koma á skilvirkum og öflugum norrænum viðbúnaði, sem er samræmdur og getur hindranalaust brugðist við yfir landamæri Norðurlanda þegar neyð steðjar að;

að þær ryðji úr vegi öllum stjórnsýsluhindrunum, sem kunna að standa í vegi fyrir slíkum sameiginlegum aðgerðum í löndunum, t.d. varðandi trygginga-, launa-, endurgreiðslu- og bótamál;

að þær geri yfirlit yfir sameiginleg úrræði og viðbragðsmöguleika í því skyni að samræma úrræði eins og kostur er, um leið og nauðsynlegu viðbúnaðarstigi er haldið uppi í hverju landanna fyrir sig;

að þær skipi sameiginlega norræna framkvæmdastjórn með umboð til að kanna og útbúa norræna viðbúnaðaráætlun, áhættukort um viðkvæma innviði, sem og möguleikann á sameiginlegum flugflota slökkviliðsflugvéla;

að þær komi á fót norrænu löggjafarráði sem á að kanna löggjöf landanna jafnt og þétt og reyna að koma í veg fyrir nýjar stjórnsýsluhindranir eins skjótt og kostur er.

Forsaga

Sumarið 2018 hefur berlega leitt í ljós þörfina á að Norðurlöndin standi þéttar saman þegar þörf er aðstoðar við alvarlegt neyðarástand í löndunum. Mörg hundruð stórir skógareldar brunnu samtímis í Svíþjóð og Noregi og þrátt fyrir að slökkvilið landanna berðust hetjulegri baráttu, urðu þau brátt borin ofurliði af metfjölda skógarelda. Til allrar hamingju buðu mörg lönd fram aðstoð í formi slökkviliðsflugvéla og sjálfboðaliða til slökkvistarfs, sem komu m.a. frá Þýskalandi, Póllandi, Frakklandi og Danmörku.

Ástandið leiddi því miður einnig í ljós að mikil þörf er á að næstu nágrannar á Norðurlöndum komi í auknum mæli á fót sameiginlegum neyðarviðbúnaði, sem án hiks og hindrana getur brugðist við yfir landamæri Norðurlanda.



Veðurfar sumarið 2018 var óvenjulegt. Einstakt í sinni röð. En því miður má búast við að sambærilegar aðstæður komi æ oftar upp um leið og loftslag breytist. Samkvæmt loftslagssérfræðingum má búast við ofsafenginni og langvarandi rigningu á regntímabilum með aukinni hættu á skriðuföllum og flóðum. Búast má við auknum hita og langvarandi þurrki á sumrin, með aukinni hættu á gríðarlegum þurrki og stórum skógar- og akureldum. Einnig má búast við að fleiri og öflugri stormar muni herja á landi og sjó, með aukinni hættu á eignatjóni, flóðum, skriðuföllum, tjóni á mikilvægum innviðum, umhverfisslysum og mannskaða í kjölfarið.

Norrænt frelsi telur að við verðum að vera undir það búin að takast á við svona ástand, í löndunum og í sameiningu á Norðurlöndunum. Þegar viðbúnaður landanna dugar ekki til, er ekkert eðlilegra en að næstu nágrannar séu reiðubúnir til aðstoðar án hiks, stjórnsýsluhindrana og pólitískrar umræðu.

Því leggur Norrænt frelsi til að Norðurlandaráð beini þeim tilmælum til ríkisstjórna Norðurlanda að þær komi strax á sameiginlegum norrænum neyðarviðbúnaði, sem með skömmum fyrirvara og án hiks getur verið í viðbragðsstöðu og veitt aðstoð þegar mikil neyð steðjar að; þegar mannlíf, dýralíf og mikil verðmæti eru í yfirvofandi hættu.

Við leggjum til að ríkisstjórnir Norðurlanda fjarlægji allar stjórnsýsluhindranir sem kunna að standa í vegi fyrir norrænum viðbúnaði sem getur brugðist við yfir landamæri ríkjanna.

Við leggjum einnig til að ríkisstjórnir Norðurlanda geri yfirlit yfir sameiginleg úrræði og viðbragðsmöguleika, áhættukort sem sýni hvar löndin eru veik fyrir, sem og kanni möguleikann á sameiginlegum flugflota slökkviliðsflugvéla.

Við leggjum um leið til að norrænu löggjafaráði verði komið á fót, sem geti kannað löggjöf landanna jafnt og þétt og reynt að koma í veg fyrir nýjar stjórnsýsluhindranir eins skjótt og kostur er.

Samræmdur norrænn neyðarviðbúnaður mun skapa öruggari Norðurlönd fyrir okkur sem búum hér og alla sem ferðast um og kringum löndin.

Kaupmannahöfn, 15. október 2018

Angelika Bengtsson (SD)

Aron Emilsson (SD)

Henrik Brodersen (DF)

Jan Erik Messmann (DF)

Juho Eerola (saf)

Mika Raatikainen (saf)

Mikkel Dencker (DF)

Paula Bieler (SD)